

85
23. desbr.

BYGGINGARSAMÞYKT

fyrir

Siglufjarðarkaupstað.

I. KAFLI.

VERKSVIÐ SAMÞYKTAR OG STJÓRN BYGGINGARMÁLA.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir alla verslunarlóð Siglufjarðarkaupstaðar og ekki minna en 500 metra út fyrir það svæði, er skipulagsuppdráttur sýnir. Þó getur ráðuneytið veitt undanþágu frá ákvæðum hennar þegar byggingarnefnd eða bæjarstjórn mælir með því. Sje um minni háttar atriði að ræða getur bæjarstjórn veitt undanþágu þegar byggingarnefnd mælir með því.

2. gr.

Samþykktin tekur til allra nýrra bygginga, sem ekki eru fullgerðar þegar hún öðlast gildi. Þó verður ekki krafist breytingar á því, sem þegar hefir verið gjört. Ennfremur nær samþykktin til höfuðbreytinga á eldri byggingum, svo og til minni breytinga, ef við verður komið án verulegs kostnaðarauka eða röskunar.

Byggingarnefnd úrskurðar í hvert skifti, hverjar aðgerðir skuli teljast höfuðbreytingar.

3. gr.

Stjórn byggingarmála er í höndum bæjarstjórnar. Hún getur synjað um byggingarleyfi sem byggingarnefnd hefir samþykkt, enda sje það gert áður mánuður er liðinn frá því byggingarnefnd gerði tillögu sína. (Sbr. § 48, 5). Bæjarstjórn getur ekki veitt byggingarleyfi án samþykktar bæjarstjórnar.

Byggingarnefnd gerir tillögu um öll byggingarleyfi og hefir umsjón þess, að byggingarsamþykktinni sje fylgt.

Ef lóðarleigjanda, lóðareiganda eða húseiganda þykir rjetti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar, getur hann skotið honum til ráðuneytisins.

4. gr.

1. Byggingarnefnd sje skipuð 5 mönnum samkvæmt bæjarstjórnarlögum kaupstaðarins. Bæjarfógeti er formaður nefndarinnar. Tveir nefndarmenn ganga úr nefndinni á hverjum þriggja ára fresti, annar úr flokki bæjarfulltrúa, í fyrsta skifti eftir hlutkesti,

2. Nefndin velur sjer ritara og heldur sjerstaka gjörðabók yfir at- **85**
hafnir sínar og ályktanir; undirskrifa allir viðstaddir nefndar- **23. desbr.**
menn hana í hver fundarlok.
3. Nú er ágreiningur meðal nefndarmanna og atkvæði jöfn og ræð-
ur þá atkvæði formanns úrslitum. Heimilt er hverjum nefndar-
manni, sem ekki er samþykktur ályktun meiri hluta, að láta bóka
ágreiningsatkvæði sitt.
4. Gjörðabókinni skal fylgja glögg skrá eða registur, svo gert, að
greiðlega megi finna allar ákvarðanir nefndarinnar um hverja
einstaka eign, er til hennar tekur.
5. Ennfremur skal ritari nefndarinnar halda lóðabók, dagbók yfir
öll brjef og brjefabók.
6. Byggingarnefndarfundur er lögmætur, ef minst þrír nefndarmenn
sitja hann.
7. Bæjarstjórn skal skipa byggingarfulltrúa og setja honum erindis-
brjef með ráði byggingarnefndar. Hann skal vera vanur húsa-
smiður eða á annan hátt fengin vissa fyrir, að hann sje starfinu
vaxinn. Í erindisbrjefinu má ákveða hæfileg gjöld fyrir þau
störf, sem hann leysir af hendi sem byggingarfulltrúi í þarfir ein-
stakra manna eftir beiðni þeirra. Þessi gjöld, svo og gjöld fyrir
byggingarleyfi, skulu hafa lögtaksrjett, og renna þau í bæjarsjóð,
en byggingarfulltrúi skal hafa þóknun fyrir starf sitt úr bæjar-
sjóði. Byggingarfulltrúinn skal hafa á hendi framkvæmd bygg-
ingarmála og eftirlit samkvæmt fyrir mælum byggingarnefndar.
8. Nefndin getur gefið byggingarfulltrúa umboð til að veita upp á
sitt eindæmi ýms smávægileg byggingarleyfi, eftir því sem nefnd-
in kveður nánara á um. Skal byggingarfulltrúi rita úrskurð sinn
á umsóknarskjalið og leggja málið svo fyrir byggingarnefnd á
næsta fundi hennar.
9. Skytt er byggingarfulltrúa að sækja fundi byggingarnefndar, þótt
eigi sje hann í nefndinni og hafi því eigi atkvæðisrjett á fund-
um hennar, en hinsvegar á hann þar tillögurjett.
10. Byggingarnefnd getur heimilað þeim, sem hefir hagsmuna að
gæta, að koma á fundi nefndarinnar og skýra ástæður sínar.
11. Byggingarnefnd leitar aðstoðar sjerfræðinga í þeim málum, er hana
varða, en brestur sjerþekkingu á.

5. gr.

Samkvæmt lögum nr. 55, 27. júní 1921 ásamt viðaukalögum,
nr. 27, 15. júní 1926, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, verður
gerður skipulagsuppráttur af kaupstaðnum, og fer um skipulag hans
samkvæmt ákvæðum þeirra laga og uppráttum, sem gerðir verða sam-
kvæmt þeim.

II. KAFLI.

ÁKVÆÐI UM HÚSAGERÐ.

Húsalínur.

6. gr.

Þar sem húsalína er ákveðin, skal að minsta kosti ein hæð af framhlið hússins fylgja henni.

Framskot og innskot getur byggingarnefnd leyft, ef æskilegt er vegna húsasniðsins.

Lóðagirðingar.

7. gr.

Byggingarnefnd getur krafist þess, að komið sje upp og haldið við sæmilegri girðingu um lóðir og óbygð lönd, sem lög þessi ná til, og skal jafnan leitað leyfis byggingarnefndar til girðinga.

Nefndin ákveður, hvar og hvernig girðingar skulu vera.

Gaddavírsvirðingar má hvergi nota meðfram götu eða vegi, og ber að nema í burtu þær gaddavírsgirðingar, er nú eru, og setja aðrar í staðinn, er byggingarnefnd samþykkir, innan eins árs frá þeim degi, er samþykkt þessi gengur í gildi.

Hornsneiðingar.

8. gr.

Byggingarnefnd getur krafist þess, ef henni þykir nauðsynlegt vegna umferðar, að hús, sem reist eru á götuhornum og mynda hvassara horn en 135° við götu, veg eða torg, verði sniðin á horni. Sniðið sje eigi minna en 2,00 metrar, og myndi jafnstórt horn við báðar hliðar, er að liggja. Horn má og gera bungumyndað, ef bungan á miðju nær ekki fram úr fyrgreindum sniðfleti en 0,50 metra.

Byggingarnefnd getur einnig veitt leyfi til, að hornsneiðing sje með öðru sniði en fyr er greint, ef það er álitnið æskilegt vegna húsasniðsins.

Framskot.

9. gr.

Grunnbrún („Sökkulband“) má ekki ná lengra en 0,15 metra út í götu.

Framskot, bæði opin og lokuð, má gera út úr framhlið húss, ef æskilegt er talið vegna sniðsins.

Ef húsalína og götulína fara saman, má ekki leyfa önnur framskot, sem byggð eru frá grundvelli, en súlur og undirstöðupalla, og mega þau eigi án leyfis byggingarnefndar ná lengra en 0,50 metra út

frá vegg. Ef hús stendur innan götulínu, má framskotið vera stærra, 85
en þó má það eigi ná lengra fram frá húshlið en nemi helming bilsins 23. desbr.
milli húshliðar og götulínu. Bygginganefnd getur veitt undanþágu
frá ákvæði þessu, ef sjerstakar ástæður mæla með.

Veggsvallir og framskotsgluggar mega ekki ná lengra út frá
húshlið en 0,80 metra, og eigi má skemra vera frá stjett eða stíg upp
undir slík framskot en 3,00 metrar. Standi hús innan húsalínu, fellur
ákvæði þetta burtu.

Samanlögð breidd framskota má ekki fara fram úr þriðjungi
af lengd húshliðar þeirrar, sem þau eru á, og ekki nær nágranna en
1½ sinnum dýpt þeirra.

Framskot mega eigi vera úr eldfimara efni en sjálft húsið, sem
þau eru á. Þó getur byggingarnefnd leyft, með sjerstökum skilyrðum,
ef æskilegt er vegna hússniðsins, framskot, sem ekki fullnægja þessu
skilyrði.

Gólf í öllum framskotum skulu vera þjett og vatni veitt frá
þeim í rennu sem frá þökum.

Án leyfis byggingarnefndar mega veggbrúnir eða nokkur hluti
þeirra hvergi ná lengra en 0,80 metra út frá ytri brún veggjar.

Inngöngurið og birtugrófir.

10. gr.

Inngöngurið mega ná alt að 0,50 metra út í götu. Ef gang-
stjett er mjó, getur byggingarnefnd leyft eitt þrep, alt að 0,30 metra
breitt. Nema skal hornin af neðsta þrepi á inngönguriði, er nær út í götu.

Byggingarnefnd getur heimilað fleiri þrep, ef sjerstakar ástæð-
ur mæla með því, t. d. ef ný inngöngurið eru sett við gömul hús.

Inngöngurið í kjallara má ekki setja nema með leyfi byggingar-
nefndar, og mega þau ekki ná lengra út í götu en fyr er sagt um inn-
göngurið. Um þau skal svo búið, að umferð stafi ekki hætta af.

Birtugrófir má setja fram með hlið húsa, og mega ekki ná
lengra út á gangstjett en 0,60 metra. Yfir þær skal setja málmgrind
jafnháa gangstjettinni og nægilega sterka og skal op milli teina eigi
stærra en 0,03 metra. Að öðrum kosti skal setja málmhandrið kring-
um birtugrófina ekki lægra en 0,75 metra, og svo gert, að börn geti
ekki dottið í hana.

Handrið, stólpar o. fl.

11. gr.

Handrið, stólpar o. þ. h. má ekki setja í götu eða gangstjett,
nema með leyfi byggingarnefndar,

Um hæð húsa.

12. gr.

1. Ef hæð húsa er ekki ákveðin í skipulagsuppdrætti, skal veggghæð húsa hvergi meiri vera en hálf götubreidd milli húsalína. Þó má hæðin aldrei fara fram úr 10,00 metrum á steinhúsum, en 8,00 metrum á timburhúsum, nema leyfi ráðuneytisins komi til.

Ef götu hallar fram með húsi, skal tekin meðalhæðin. Hæð húsa á gatnamótum má, ef göturnar eru misbreiðar, miða við breiðari götuna, einnig á þeirri hlið, er veit að mjórri götunni, en þó eigi lengra frá horni (skurðpunkti húsalínanna) en framhlið hússins er með breiðari götunni.

2. Veggghæð húsa mælist frá gangstjett eða götu upp í skurðlínu þaks og veggflatar að utan. Ef húsið stendur ekki við götu, skal miða hæðina við beina línu milli jaðra þeirra gatna, sem næst liggja húsinu á báðar hliðar, svo fremi ekki eru miklar mishæðir á jarðvegi. Sjeu mishæðir miklar, skal veggghæð miðuð við jarðveginn umhverfis húsið.

Standi hús við opið svæði, ákveður byggingarnefnd, við hvaða stað veggghæðin skuli miðuð.

Ef byggingarnefnd álitur æskilegt vegna útlits, að veggbrún haldi áfram í sömu hæð, getur hún veitt undanþágu frá ákvæði greinar þessarar um veggghæðina fyrir einstakt hús eða hluta af því.

3. Byggingarnefnd getur veitt leyfi til að byggja turna, kvisti, gafla og þesskonar til skrauts. Þó má ekki samanlögð breidd slíkra útbygginga nema meiru en $\frac{2}{5}$ hlutum af lengd þeirrar húshliðar, sem þær eru á.

Gluggakvistir mega ekki vera nær nágrannamörkum en breidd þeirra nemur eða hæð, þó ekki nær en 1,50 metra. Að öðrum kosti sje eldvarnarveggur á kvistinum á þann veg, er veit að nágrannalóð. Stórir kvistir mega ekki vera nær lóðarmörkum en 3,15 metra, nema eldvarnarveggur sje á þeirri hlið kvistsins, er veit að nágrannahúsi.

Þakhalli.

13. gr.

Rishalli á þökum þeirra húsa, sem byggð eru með þeirri veggghæð, sem frekast er leyfð (sbr. 12. gr.), má ekki meiri vera en nemi 45° horni við lárjettan flöt.

Á húsum þeim, sem eru veggglægri en fyr er nefnt, má þakhalli og lögun vera á hvern hátt sem er, ef útlitið að öðru leyti óprýðir hvorki húsið eða nágrannahúsin. Þó má enginn hluti þaksins ná lengra út frá vegg en 0,80 metra,

Byggingarnefnd getur þá ákveðið þakhalla eftir því, sem best 85
þykir fara við svip götunnar eða nauðsyn þykir af öðrum ástæðum. 23. desbr.

Íbúðarhæðir.

14. gr.

Í húsum úr steini eða steinsteypu má vera íbúð á tveimur hæðum, og auk þess í kjallara (sbr. 33. gr.) og þakhæð, ef ekki mæla aðrar ástæður á móti. Gólf í þakhæð má ekki liggja fyrir ofan skurðlínu þaks og veggflatar og ekki meir en 1,25 metra fyrir neðan hana.

Í timburhúsum má íbúð vera á tveim hæðum, og auk þess í kjallara (sbr. 33. gr.) eða þakhæð. Sömu ákvæði gilda um gólf í þakhæð og í steinhúsum.

Óbygð lóð og aðgangur að bakhúsum.

15. gr.

Ef ekki er sýnt á skipulagsuppdrætti hlutfallið milli lóða og bygginga, er á þeim eru reistar, skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

1. Hverju íbúðarhúsi skal fylgja óbygð lóð, eigi minni en sjálft hússtæðið. Jafnframt skal þess gætt, að ákvæði 11. gr. skipulagslaganna um fjarlægð milli húshliða, sje fullnægt.

Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessum:

- a. Þegar lóð skerðist að nokkrum mun við götubreikkun.
 - b. Ef um lóð er að ræða, sem áður er byggt á og liggur að tveim götum eða nær ekki lengra inn frá húslínu en 15,00 metra.
 - c. Í bæjarhverfum, sem bygð eru að mestu eða öllu, ef brýnar ástæður mæla með því, þó því aðeins, að íbúðarherbergi fái nægilega birtu.
2. Bakhliðar húsa mega ekki hærri vera en tekið er fram í 12. gr. um götuhliðar, þó getur byggingarnefnd leyft, ef hússtæðið hallast, að veggbrún götuhliðar haldi lárjettri stefnu fyrir gafla og bakhlið, ef hæðarmunur götuhliðar og bakhliðar fer ekki fram úr 2,50 metrum.
 3. Óþrifalega, óreglulega og þrönga stíga yfir lóðir getur byggingarnefnd bannað.
 4. Bæjarstjórn getur ákveðið, að óbygða lóðin skuli vera minni en fyr er sagt, í þeim bæjarhlutum, þar sem eingöngu eru reist verslunarhús, geymsluhús eða verksmiðjur.
 5. Ekki má gera þak yfir óbygða lóð nema með leyfi byggingarnefndar.
 6. Að bakhúsum og hliðarhúsum skal vera greiður gangur frá götu, eigi mjórri en 2,00 metrar. Sjeu fleiri bakgarðar á sömu lóð, skal að hverjum vera aðgangur sem fyr segir, nema þeir að öðru leyti sjeu í jafngreiðu sambandi hver við annan.

85
23. desbr.

Fjarlægð frá glugga að næsta húsi.

16. gr.

1. Á aðalsólarhlið húsa skal fjarlægð frá glugga í íbúðarherbergjum, skrifstofum, vinnustofum eða eldhúsi að næsta húsi andspænis nema að jafnaði að minsta kosti tvöfaldri vegg hæð þess húss fyrir ofan gólfhæð herbergisins, er um ræðir (sbr. 11. gr. c. skipulagslaganna). Ef næsta hús andspænis sólarhlið snýr gafli að, skal vegg hæð þess talin upp í mitt ris.

Ekki má setja glugga nær lóðarmörkum nágranna en 3,15 metra.

2. Gæta ber þess, ef gömul hús eru hækkuð, að fullnægt verði ákvæðinu í 1. lið.

Sameiginleg óbygð lóð.

17. gr.

Byggingarnefnd getur krafist þess, að mjög óregluleg lóðamörk milli nágrannahúsa sjeu jöfnuð, svo að hverju húsi fylgi sæmilega heilleg lóð.

Lóðareigendum ber að jafna á milli sín verðbreytingu þeirri, er þessi nýja lóðaskifting kann að hafa í för með sjer. Ef samkomulag næst ekki, skera dómkvaddir menn úr deilumálum.

Skólþveita.

18. gr.

Ef skólþveita er í götu (sjá vatnalög nr. 15, 20. júní 1923), er öllum þeim, er við götuna búa, skylt að leggja fullnægjandi skólþveitu — frá húsi sínu í götuveituna — á sinn kostnað. Nú vanrækir hús-eigandi að fullnægja þessu ákvæði, og getur þá bæjarstjórn látið leggja skólþræsið á kostnað hús-eiganda, og tekið kostnaðinn lögtaki.

Undanþágu frá ákvæði þessu getur bæjarstjórn veitt, ef byggingarnefnd álitur kostnaðinn við veituna óhæfilega háan.

Ekki má veita skólþi inn á annars manns lóð án hans samþykkis. Þó má leggja skólþveitu í lokræsi gegnum annars manns lóð, ef byggingarnefnd telur það nauðsynlegt. Allan skaða, sem stafa kann af lagningu veitunnar, er hús-eigandi skyldur að bæta.

Skólþveita skal vera algerlega þjett og þannig gerð, að ekki stafi óheilnæmi frá henni. Á hana skulu settir vatnslásar og annað, sem með þarf, svo ekki komi óloft frá holræsinu.

Sambygging.

19. gr.

Í sambygðum húsaröðum skulu öll hús bygð að lóðamörkum, nema skipulagsuppráttur sýni annað,

Byggingarnefnd getur bannað, að hús sjeu sambygð með lágum millibyggingum. 85
23. desbr.

Undirstöður.

20. gr.

Grafa skal undirstöður útveggja og burðarveggja innanhúss niður á fastan jarðveg og ekki grynna en 1,00—1,50 metra í jörð niður, eftir ákvörðun byggingarnefndar, þar sem föst klöpp er ekki ofar.

Ef hús er reist fast að nágrannalóð, skal grafa undirstöður eldvarnarveggs og 1 meter af hliðarveggjum, er frá honum liggja, niður fyrir væntanlega kjallaradýpt nágrannahúss.

Aðrar undirstöður grafist niður eftir þörfum. Undirstöður íbúðarhúsa og allra húsa, sem tvílyft eru, skal hlaða úr grjóti og leggja í steinlím eða gera þær úr steinsteypu. Undirstöður steinhúsa skal gera þannig frá föstum jarðvegi, en undirstöður timburhúsa má gera úr lausagrjóti, þó ekki hærra upp en svo, að ekki sje grynna á lausagrjótið en 0,70 metra.

Undirstöður úr lausagrjóti einu getur byggingarnefnd leyft undir litlum og lágum timburhúsum, eða þegar sjerstakar ástæður eru fyrir hendi og næg trygging fyrir, að óhult sje.

Varnarlög.

21. gr.

Rakavarnarlag skal leggja í undirstöður allra húsa, nema ítilla geymsluhúsa. Þar sem kjallari er gerður, skulu lögin vera tvö; skal hið neðra lagt í alla kjallaraveggi 5 sentimetrum fyrir neðan yfirborð kjallaragólfs, en hið efra í alla útveggi 10—20 sentimetra fyrir ofan jarðflöt eða fyrirhugaða hæð hans. Skulu útveggir jarðbikaðir utan á milli laganna eða á annan hátt varðir jarðraka.

Þar sem ekki er kjallari, nægir eitt rakavarnarlag, og má það koma ofan á undirstöður, en ávalt neðar en allir gólfviðir. Ef gólf er úr timbri og ekki nægilega varið jarðraka, skal vera minst 0,40 metra autt bil frá jarðlagi upp að gólfi, og á múrnum vera loftop, minst eitt á tveimur andstæðum veggjum.

Rakavarnarlög skulu gerð úr sementi og sandi til helminga og sje að þykkt 1—2 sentimetrar eftir staðháttum, og jarðbikað að ofan, þegar steypa er orðin þur. Í stað jarðbiks má nota þakhellur lagðar í sement eða annað vatnshelt efni, sem byggingarnefnd samþykkir.

Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, ef um „skúta“ eða lítil útihús er að ræða.

Eldvarnarveggir.

22. gr.

1. Eldvarnarvegg má ekki gera að jafnaði nema þar sem ákveðið er að reisa sambygð hús, þannig að byggt verði að honum síðar.
2. Alla útveggi, sem eru nær nágrannalóð en 3,15 metra, skal gera sem eldvarnarveggi.
3. Við hús, sem nú stendur nær nágrannalóð en 3,15 metra, skal gera eldvarnarvegg, þegar höfuðaðgerð fer fram á því.
4. Eldvarnarveggi skal gera úr steinsteypu eða grjóti lögðu í sementsblöndu. Þeir skulu ná 0,16 metra upp fyrir þak, eða fast upp að ysta lagi á þaki (bárujárni, hellum, o. þ. h. sjá 11. lið þessarar gr.), og mega hvergi þynnri vera en 0,20 metra, en að öðru leyti ákveður byggingarnefnd þykkt þeirra í hvert skifti. Á þeim mega hvorki vera gluggar nje önnur op.
5. Eldvarnarveggur getur verið sameiginlegur fyrir tvö hús, ef hann er áfastur við bæði húsin og tekur 0,16 metra upp fyrir þak hærra hússins.
6. Þak má ekki hallast að eldvarnarvegg nema með sjerstöku leyfi byggingarnefndar, enda segi hún fyrir um umbúnaðinn.
7. Timburveggur eða innri brún reykháfs má ekki koma nær úthlið eldvarnarveggs en að 0,23 metra sjeu fyrir utan. Langbönd til að festa þakið með má þó steypa í vegginn.
8. Sementsdraga ber eldvarnarveggi, er ekki verður byggt upp að um langan tíma að dómi byggingarnefndar, og ef útlit er fyrir, að eldvarnarveggur standi þannig um ófyrirsjáanlegan tíma, ber að ganga svo frá honum, að útlit hans verði ekki lakara en útveggja úr steini.
9. Ef tvö hús eru saman um einn eldvarnarvegg, skal þinglesin skuldbinding um, að hvorugur eigandi geti rifið vegginn meðan annaðhvort húsið stendur.
10. Eldvarnarveggir skulu, ef um timburhús er að ræða, bundnir við grind og þakviði, á þann hátt er byggingarnefnd tekur gilt.
11. Í sambygðum húsaröðum, skal eldvarnarveggur vera í báða enda á hverju húsi, og skulu alstaðar ná fast upp að ystu húð þaksins bárujárni, hellum o. þ. h.) en ekki þurfa þeir að ná upp fyrir þak þjettara en á 20,00 metra millibili.
12. Eldvarnarveggi má ekki gera úr holsteini, nema með sjerstöku leyfi byggingarnefndar, og má samanlögð þykkt steypunnar aldrei minni vera en 0,18 metra.

Þök.

23. gr.

1. Sperrur og skammbitar mega ekki grenni vera en 10×10 senti-

metrar (4"×4"), þegar hafið er alt að 3,15 metrum. Hafið skal **85** mælt á loftbita beint niður undan sperrum og skammbitum. Við ^{23. desbr.} hverja 0,32 metra sem hafið vex, skulu þessir viðir vera 1,3 sentimetrum gildari á hvern veg. Nota má viði af öðrum gildleik en hjer er tiltekið, ef samur er styrkleikinn.

Bilið á milli sperra, talið af miðju og á miðju, má vera alt að 1,25 metra, undir málm- og pappapök á timbursúð, en alt að 0,95 metra undir torf, hellu og steinþök.

2. Á sperrur skal leggja súð úr borðum, er ekki sjeu þynnri en 2½ sentimetrar (1") og þar yfir bárujárn ekki þynnra en 24 B. W. G., eða annað óeldfimt efni, sem byggingarnefnd tekur gilt. Sje súðin óplægð eða íbúð á þakhæð, skal setja þakpappa utan á hana undir járníð.
3. Gaflveggir út steini eða steypu skulu bundnir járnakkerum í þakvið og studdir af þeim.
4. Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæði þessarar greinar eða ívilnanir, þegar um útihús er að ræða.

Trjebitar, trjególf og milligólf.

24. gr.

1. Trjebitar í gólfum og loftum íbúðarherbergja skulu ekki strjállir en svo, að bilið á milli þeirra, mælt af miðju á miðju, sje að meðaltali ekki yfir 0,95 metra og hvergi meira en 1,05 metri.

Þar sem milligólf er, skulu trjebitar ekki grennri vera en 0,16 metra (6") á hæð oð 0,13 metra (5") á breidd, þegar bitahafið er alt að 3,15 metrar, og skal hæð þeirra vaxa um ekki minna en 2,5 sentimetra, og breidd um 1,3 sentimetra, fyrir hverja 0,63 metra, sem hafið er fram úr 3,15 metrum.

Þar sem ekki er milligólf, mega bitar vera 1,3 sentimetrum grennri en hjer er ákveðið.

Nota má bita með öðrum gildleik en hjer er ákveðið, ef styrkleikinn er samur eða meiri, þó má hlið bita ekki vera meira en tvöföld breidd þeirra, nema því aðeins að bitarnir sje skorðaðir hver gegn öðrum með krossböndum milli efri og neðri brúnar á víxl. Bilið milli skorðanna ákveður byggingarnefnd í hvert sinn.

2. Sjeu húsveggir gerðir úr steini eða steypu, skal að minsta kosti þriðji hver biti festur við veggina í báða enda með sterkum járnakkerum. Gaflveggir úr steini eða steypu skulu bundnir með járnakkerum á 3 metra bili inn í bitalög.
3. Timburgólf skal vera úr plægðum borðum, ekki þynnri en 3.2 sentimetra (1¼").

Í loftum má ekki nota striga eða pappa neðan á bita í staðinn fyrir þiljur.

85
23. desbr.

Í gólfi og lofti íbúðarherbergja skal vera milligólf úr borðum, ekki þynnri en 2 sentimetra ($\frac{3}{4}$ "), er fest sje annaðhvort á sterka lista, sem negldir eru á bitana, eða í mót í hlið þeirra, enda sjeu þeir þá að dómi byggingarnefndar þeim mun sterkari en að framan er ákveðið, sem til þess þarf. Ofan á borðin komi 5 sentimetra þykt lag af deigulmó, móhellu, þurrum mó, steinsteypu eða öðru efni, sem ekki er lakara nje veldur óheilmæmi eða fúa, og sje það þurt áður en gólfborð eru lögð yfir. Sje gólftróðið úr efni, sem hætt er við að valdi ryki, skal leggja pappa undir tróðið. Í loftum milli íbúðarherbergja má í sömu íbúð, með samþykki byggingarnefndar, sleppa milligólfi. Að öðru leyti getur byggingarnefnd veitt ívilnanir um milligólf, þegar gild ástæða þykir til. Þar sem milligólf er undanfellt, skal gólfíð vera tvöfalt, annaðhvort þiljað neðan á bita eða á milli þeirra, eða í þess stað sett annað jafngott lag, sem byggingarnefnd tekur gilt.

4. Þar sem bitar ganga út í steypu- eða steinveggi, skal bera á þá rakaverjandi efni.

Stigar.

25. gr.

Í öllum þeim húsum, sem reist eru úr eldfimu efni og eru yfir eina hæð, skal vera óhindraður aðgangur að tveimur stigum (aðalstiga og bakstiga), ef fjarlægð frá neðri brún á glugga að jörðu er yfir 5,00 metra.

Í húsum úr eldtraustu efni má hafa einn stiga, ef íbúðirnar, sem að honum liggja, eru ekki fleiri en 6, þar með taldar íbúðir í þakhæð.

Í húsum úr eldtraustu efni, sem að dómi byggingarnefndar eru aðallega notuð til verslunarbúða, má hafa einn stiga, þó hærri sjeu en 2 hæðir. Ekki má hafa íbúð á lofthæð í slíkum húsum nema milliveggir og þak sje gert eldtraust.

Frá herbergjum, sem notuð eru til íbúðar og hafa aðgang að einum stiga, má fjarlægð frá stiga að herbergi ekki vera yfir 25 metrar.

Greiður aðgangur skal vera úr hverri íbúð og öllum herbergjum hennar að stiga, eða báðum, ef tveir eru, án þess að þurfa að fara um nokkurt herbergi eða hluta annarar íbúðar. Frá lögskipuðum stiga sje greiður útgangur ekki þrengri en stiginn.

Undanfarandi ákvæði um stiga taka ekki til herbergja, sem um getur í 34. gr., ef byggingarnefnd viðurkennir annan aðgang fullnægjandi.

1. Stigar skulu vera í sjerstökum lokuðum stigahúsum, sem hafa nægilega birtu og loft. Gluggar mega eingöngu vera á útveggjum eða yfir forstofu eða yfir ganghurð eða í hurðinni. Byggingarnefnd

getur leyft glugga á veggjum aðliggjandi herbergja, ef þeir eru úr eldtraustu gleri. 85

23. desbr.

Ef stigahúsið er úr steini eða steypu, skal setja glerið í murgreypta járnumgerð.

Stigi, sem tengir saman tvö herbergi í sömu íbúð, þarf ekki að vera í sjerstöku stigahúsi.

Þak og gólf í eldtraustu stigahúsi skulu vera eldtraust, eða varin með eldtraustu efni. Í slíku stigahúsi má ekki gera skápa úr trje eða þyljur á veggjum, nema með sjerstöku leyfi byggingarnefndar.

2. Allir trjestigar skulu hafa steinlímshúð aftan á baki og neðan á pöllum, eða eldvarðir á annan tryggilegan hátt.
3. Ef stigar eru hafðir hvor við hliðina á öðrum, skal vera heill veggur á milli þeirra, ekki þynnri en 0,32 metra, og ekki minna en ein hurð skrálæst á leiðinni frá öðrum stiganum til hins í hverri íbúð. Veggir, sem stigar úr steini eða steypu eru hlaðnir eða steypdir í, þannig að veggurinn ber stigan, skulu svo þykkir sem sagt er í 35. gr., 3. c.
4. Aðalstigi má ekki mjórri vera en 0,80 metra og bakstigi ekki mjórri en 0,66 metra; þó getur byggingarnefnd leyft, að í minni húsum sje aðalstigi 0,75 metra á breidd, ef íbúðarherbergi eru aðeins á tveim hæðum (ekki þakhæð).
5. Á öllum stigum skulu vera handrið, um 0,70—0,80 metra há, með svo þjettum spölum, að ekki sje hætta á, að barn falli niður milli þeirra.
6. Breidd stiga, sem um ræðir í samþykkt þessari, er gangbreidd milli veggjar og handriðs eða á milli handriða, ef tvö eru.
Ef veggir eru beggja megin að stiga, má ekki mjórri vera á milli þeirra en 0,80 metra í smáum húsum og 1,00 metri í stærri húsum.
Ganghæð stiga má að jafnaði hvergi minni vera en 2,00 metrar, og skal hafa vídd stigagata eftir því. Þó getur byggingarnefnd leyft minni ganghæð í litlum húsum, ef nauðsyn þykir.
7. Stigar skulu vera svo gerðir, að hvert skref í þeim sje 0,60—0,65 metra. Skref í stiga skal talið eitt framstig og tvö uppstig samanlögð. Framstig er þrepsbreidd lárjett milli brúna, mælt á ganglínu, er liggur í miðjum stiga og fylgir frammeið í jafnri fjarlægð, en þó ekki fjær ytri brún hans en 0,50 metra, þótt stiginn sje breiðari en 1,00 metri. Uppstig er hæðin af þrepi á þrep. Framstig í aðalstiga má eigi mjórri vera en 0,21 metra nema með sjerstöku leyfi byggingarnefndar, og bakstigum ekki mjórri en 0,17 metra.
8. Ef sjerstakir örðugleikar eru á því að fullnægja ákvæðum þessar-

85
23. desbr.

ar greinar, getur bygginganefnd veitt undanþágu frá einstökum ákvæðum, ef íbúunum stafar engin hættu af.

9. Ákvæði þessarar greinar ná ekki til herbergja þeirra, sem eigi eru notuð til íbúðar og ekki mikill umgangur um, t. d. vörugeymsluhús og skemmur, og ákveður þá byggingarnefnd í hvert sinn, hvernig stigum skuli hagað.

Eldtraustur umbúnaður.

26. gr.

Eldtraustur umbúnaður er það:

- a. Að allir veggir, loft og gólf sjeu úr eldtraustu efni, eða klædd efni, er ráðuneytið telur eldtraust.
Hurðir, veggþiljur, listar og gluggaumgerðir mega vera úr trje.
- b. Að allir stigar og stigagöng, og göng sem tengja íbúðir við stiga, götu, bakgarða eða akdyr, sjeu úr steini, steinsteypu eða öðru eldtraustu efni. Handrið og fóður á framstiga má vera úr trje.
- c. Að stigagöng og göng að þeim sjeu ekki í beinu sambandi við búð, vörugeymslu eða verkstæði.

Gluggaop, hurðaop og önnur op í útveggjum.

27. gr.

Öll op í útveggjum skulu vera lokuð með hlera, grind, hurð eða glugga, nema byggingarnefnd veiti undanþágu frá því.

Hurðir eða gluggar, sem opnast út á opið svæði eða götu, mega eigi ná lengra fram en 0,30 metra út fyrir götulínu þegar opnað er. Þó nær þetta ekki til glugga, sem eru hærra frá götu en 2,10 metra.

Á samkomuhúsum skulu vera nægilega margar og góðar útidyr. Allar hurðir í umferðadyrum skulu falla út og svo umbúnar, að umferð stafi enginn háski eða hindrun af.

Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæði þessarar greinar, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi.

Þakgluggar.

28. gr.

Byggingarnefnd getur krafist þess, að á stórum húsum, tveggja hæða eða hærri, sje minsta kosti einn þakgluggi, sem má opna, að stærð ekki minni en $0,50 \times 0,50$ metrar; bæði glugginn og karmurinn sje úr járni eða klætt eldtraustu efni.

Þakrennur.

85

23. desbr.

29. gr.

Á öllum húsum, sem framvegis eru reist innan þess svæðis, sem samþykkt þessi nær til, skal setja þakrennur með veggrennum svo löngum, að op þeirra sje í mesta lagi 0,16 metra fyrir ofan gangstjett eða götu. Sje holræsi frá húsinu, skal þakvatni veitt í það neðanjarðar, nema byggingarnefnd geri aðra skipun.

Ef nauðsynlegt er vegna umferðar eða viðhalds á götu, getur byggingarnefnd krafist þess, að settar sjeu þak- eða veggrennur á hús, sem reist eru áður en samþykkt þessi gengur í gildi.

Reykháfar og sóphurðir.

30. gr.

1. Allir reykháfar frá eldstæðum skulu vera úr eldtraustu efni og standa á eldtraustri undirstöðu á föstum jarðvegi, eða að öðrum kosti hvíla á eldtraustri múrhvelfingu eða palli milli tveggja steinveggja, en aldrei mega þeir standa á trjebitum.
2. Loftrás má aldrei setja í reykháf, nema sjerstakar ástæður komi til greina og leyfi byggingarnefndar sje fengið í hvert sinn.
3. Hliðar reykháfsins skulu að minsta kosti vera 0,12 metra á þykkt, og vídd hans að innanmáli eigi minni en 0,23 metra á hvern veg eða að þvermáli. Þó má leyfa 0,18 metra vídd, ef eldstæði eru ekki fleiri en 3.
4. Þar sem reykháfur gengur gegnum bita og borð, sem lögð eru undir bita, skal hann vera járnklæddur hringinn í kring, og eins þar sem hann gengur í gegnum þak, og skal vera að minsta kosti 0,17 metra bil milli þeirra hliða hans, sem inn snúa, og viðanna. Þó má sleppa járnklæðning, ef bil er gert milli reykháfs og viðna, ekki minna en 0,23 metra, og skal þá múrað eða steyppt milli reykháfs og viðna. Ekki má þilja reykháf utan nje klæða hann borðum eða láta um hann veggfóður, sem límt er á lista. Byggingarnefnd getur aðeins leyft að láta einfalda fótlista og loftlista liggja utan um reykháfinn.
5. Reykháfur má hvergi hallast meira en 45° frá lóðrjettri línu; skal hann þá hvíla á múr eða trjeskorðu, og vera múrað milli skorðu og reykháfs, svo innanmál hans sje ekki nær skorðunni en 0,23 metra. Reykháfur má ekki hallast fram yfir stiga. Hornin, sem myndast við beygjuna, skulu kringd.
6. Reykháfur skal ná að minsta kosti 0,65 metra upp fyrir húsmæni, en komi hann upp úr þakhlið, ákveður byggingarnefnd í hver sinn hæðina, en sje þó ekki minni en 1,00 metri upp frá þaki.
7. Inn í 0,23 metra víðan reykháf má ekki setja reykþípur frá fleiri

85
23 desbr.

eldfærum en 8, og jafnan skal hafa járnkraga í reykháfum utan um hverja pípu, þannig gerðan, að pípan geti ekki ýtst inn í reykháfinn. Reykháfur sje þeim mun víðari, sem honum er ætlað að leiða reyk frá fleiri eldstæðum en hjer er talið.

8. Innanhúss má sjerstæður reykháfur standa óstuddur á alt að 8 sinnum meiri hæð en breidd hans nemur minst að utanmáli.
9. Ef svo mikill reykur á að fara um reyháf, að byggingarnefnd telji líklegt að óþægindi stafi af honum fyrir þá, er nærri búa, skal gera reykháfinn svo háan, sem byggingarnefnd ákveður. Ef byggingarnefnd álitur að hæð sú, er ákveðin hefir verið, nægi eigi framvegis, getur hún krafist þess, að reykháfurinn sje svo gerður, að unt sje að hækka hann síðar.

Ef reykháfur veldur óþægindum þeim, er nærri búa, er eigandi skyldur að hækka reykháfinn, eftir skipun byggingarnefnlar án tillits til þess, hvenær reykháfurinn var gerður.

10. Á hverjum reykháf skulu vera nægilega mörg sópop, jafnvíð reykháfnum, og traust járnhurð fyrir í járnnumgerð. Undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar getur byggingarnefnd leyft, ef sjerstakar ástæður koma til greina og engin eldhætta stafar af.

Eldstæði, miðstöðvarupphitun og reykþípur.

31. gr.

1. Eldstæði má því aðeins setja í herbergi, að veggir sjeu þjettir (t. d. ekki rimlaveggir). Ef herbergi er lægra en 2,00 metrar, skal loft, gólf og veggir vera úr eldtraustu efni.
2. Ofna og eldavjelar má ekki setja nær timburvegg en svo, að 0,21 metra sjeu á milli.
3. Þípur frá ofnum og eldavjelum mega ekki koma nær trje en svo, að 0,21 metra sjeu á milli. Þær skulu liggja í reykháf, og mega ekki liggja um herbergi, sem eldfim efni eru geymd í.
4. Ef eldstæði eru nær trjevegg en 0,21 metra, skal setja minst 0,12 metra þykkann vegg úr steini eða steypu í staðinn fyrir trjevegginn, á ekki minna svæði en svo, að hvergi sje skemrt en 0,21 metra frá eldstæði að timbri.
5. Eldavjelar má setja á trjególf, ef að minsta kosti 0,11 metra eru frá gólfi upp að botni á eldavjel og á milli sjeu tvö lög af tígulsteini, hlöðnum í binding og steinlím eða steypugólf, jafnþykt, eða að gólfið sje þakið járnþynnum eða öðru eldtraustu efni.
6. Ofnar skulu standa á múruðum eða steyptum fæti, eða á járnfæti, sem annaðhvort er opinn eða fylltur múr eða steypu. Sje rist í botni ofnsins skal öskuskúffa vera í fætinum, og skal þá undir skúffunni vera járnþynna, er fyllir út í holið minst 5 millimetra frá gólfi.

7. Þar sem ofnar eða eldavjelar standa á trjególfi, skal gólfið fram undan eldstæðum þakið eldtraustu efni, járnþynnu eða öðru ekki lakara. Skal járnþynnann eða það, sem notað er í hennar stað, ná að minsta kosti 0,32 metra fram á gólfið fram fyrir ofninn eða eldavjelina, til hliðar og aftur fyrir, nema veggir sjeu nær. 85
23. desbr.
8. Í herbergjum, sem ætluð eru fyrir katla til miðstöðvarhitunar, skulu gólf, loft og veggir gerðir úr steini eða steypu. Þó má leyfa trjeloft með steinlímshúð að neðan. Ketillinn skal standa á grunnmúr eða járnbentu steingólfi, sem hvílir á traustum steinveggjum. Ef um mjög litla miðstöðvarkatla er að ræða, getur byggingarnefnd leyft, að þeir sjeu í herbergi með gólfi, veggjum og lofti úr trje, en ætíð skal svo um búið, að byggingarnefnd telji örugt fyrir eldhættu frá miðstöðvarkatlinum.
9. Reykþípur mega aldrei liggja út úr útvegg, en skulu ætíð ganga í reykháfinn. Eigi má reykþípan, á leið út í reykháf, liggja í gegnum annað herbergi á lengra svæði en 4.00 metrum, og er þá bilið talið frá ofni að reykháfi. Skal þípan þá ætíð vera úr steypujárni. Reykþípa má eigi vera nær trje en 0,21 metra. Ef hún liggur gegnum trjevegg eða þak, skal múrað kringum hana, svo að ytri hlið hennar verði eigi nær trje en 0,21 metra.

Ef hnje er á reykþípu, skal það vera með spjaldi, sem hægt er að taka af til að hreinsa þípuna.

Íbúðarherbergi.

32. gr.

Íbúðarherbergi og herbergi, sem dvalið er í mikinn hluta dagsins, skulu fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Útveggir á herbergjum skulu svo gerðir, að þeir veiti nægilega vernd gegn kulda og raka.
2. Lofthæð skal vera minst 2,50 metra; þó getur byggingarnefnd leyft, ef sjerstakar ástæður koma til greina, alt að 0,20 metra minni lofthæð. Ef loftbitar eru sýnilegir skal lofthæð mæld upp að neðri brún þeirra.

Í gömlum húsum má leyfa minni hæð, sömuleiðis í þakherbergjum; þó má hæðin aldrei minni vera en 2,15 metrar.

3. Ef herbergi er undir súð, verður að minsta kosti helmingur af gólfleti þess, og aldrei minna en 6 fermetrar, að hafa lofthæð 2,50 metra; byggingarnefnd getur þó veitt sömu undanþágu, sem um getur í 2. lið.
4. Ekkert herbergi má mjórra vera en 1,70 metra, og gólfplöturinn minst 6 fermetrar.
5. Á hverju herbergi skal vera gluggi, er veit út að götu oða opnum

85

23. desbr.

garði. Ljósmaal glugga má minst vera $\frac{1}{12}$ af gólfpletinum, og skal vera hægt að opna hann.

6. Byggingarnefnd getur leyft að hafa eingöngu ofanljós, ef ekki er hægt að koma glugga fyrir á herbergi á annan hátt, og skal glugginn þá vera svo gerður, að hæglega megi opna hann.

Kjallaraíbúð.

33. gr.

1. Kjallara má ekki nota til íbúðar nema byggingarnefnd leyfi og gluggar viti út að götu eða opnum garði. Ekki má nota herbergi til íbúðar, sem aðeins hefir glugga á móti norðri, nema það sje hluti af íbúð, sem hefir glugga móti öðrum áttum og nýtur nokkurrar sólar.
2. Lofthæð herbergja skal eigi minni vera en 2,30 metrar, og í minsta lagi helmingur af rúmmáli hvers herbergis skal vera ofanjarðar. Þó má byggingarnefnd leyfa, að einstök íbúðarherbergi í kjallara hafi aðeins 2,20 metra lofthæð, ef þau fylgja íbúð á öðrum hæðum í húsinu, ná ekki lengra en 1,00 metra niður í jörð og eru ekki minna en 9 fermetrar að flatarmáli.
3. Glerflötur glugga ofanjarðar sje eigi minni en nemi $\frac{1}{12}$ af gólfleti herbergis.
4. Gólfíð skal gert úr steinsteypu eða öðru álíka vatnsheldu efni, og sje trjególf þar ofan á, eða annað gólf ekki lakara.
5. Gólfíð sje að minsta kosti 0,30 metra fyrir ofan hæsta stórstraumsflóð, og skal þurka jarðveginn undir því með fráræsi, eftir fyrir-mælum byggingarnefndar, svo að jarðvatn nái aldrei upp að gólfi.
6. Veggir skal verja raka á þann hátt, er byggingarnefnd mælir fyrir um. Hvert íbúðarherbergi skal vera hægt að hita.

Herbergi, sem notuð eru um stundarsakir.

34. gr.

Þvottahús, forstofur, búr, baðherbergi og snyrtiklefar skulu hafa nægilegt ljós og birtu og vera varin gegn raka. Ekki má leyfa þvottahús með glugga að götu, nema byggingarnefnd telji, að ekki stafi mikil óþægindi af vatnsgufu frá því fyrir þá, sem um götuna fara. Í þvottahúsum skal vera þjett steypugólf; þó getur byggingarnefnd veitt undanþágu frá því, ef nauðsyn þykir.

Hæfilega mörg salerni skulu fylgja hverju húsi, og skal gólf-flötur þeirra eigi vera minni en $0,80 \times 0,70$ metra.

Veggir steinhúsa.

85
23. desbr.

35. gr.

1. Veggir steinhúsa sjeu hlaðnir úr settu og höggnu grjóti, lögðu í steinlím, eða gerðir úr steinsteypu. Steinsteypuveggir í íbúðarhúsum ofan kjallara og einnig í kjöllum, sem ætlaðir eru til íbúðar, skulu gerðir úr vandaðri steypu og ekki veikari að blöndu en 1:4:7 (þ. e. 1 hluti sements móti 4 hlutum sands og 7 hlutum grjótmulnings eða malar eða hvorutveggja). Aðra veggi og undirstöður má gera úr steypu 1:4:8.

Ef notuð er önnur gerð steypu en fyr er sagt, t. d. holsteinar, skal byggingarnefnd leita sjer upplýsinga hjá húsameistara ríkisins um gerð þeirra og notagildi áður en hún samþykkir, að hús sjeu byggð úr þeim.

Drýgja má steypu í undirstöðum, kjöllum og húsum, sem ekki eru hærri en 1 hæð auk kjallara, með hreinu, sterku grjóti, hrjúfu eða brotnu (hraungrjót má því aðeins nota, að það sje sæmilega sterkt). Þó má enginn steinn vera stærri en svo, að nemi alt að helmingi veggþyktar. Ekki skulu steinar þjettari en svo, að auðvelt sje að þjappa steypunni á milli þeirra svo holulaus verði. Alstaðar skal vera smágerð steypa á milli steinanna, og að öðru leyti svo sterk, sem fyr segir.

Öll steypuefni sjeu sterk, hrein, ófúin og að öllu óskemd, laus við mold og lífræn efni. Grjótmulningur og steypumöl sje ekki stórgerðari en svo, að stærstu molarnir fari greiðlega gegnum 6 sentimetra víðan hring.

2. Þykt útveggja, sem gerðir eru úr ekki veikari steypublöndu en 1:4:7, skal vera sem hjer segir:

- a. Þykt hliðarveggja þeirra eða útveggja, sem eru burðarveggir í vanalegum íbúðarhúsum með lofti og gólfi úr járnbentri steinsteypu, skulu í einlyftum húsum eða á efstu hæð vera 0,22 metra á þykt, á næstu hæð fyrir neðan 0,25 metra og næstu hæð þar fyrir neðan (í kjallara) 0,32 metra á þykt. Ef gólf eru úr timbri, skulu veggþyktir vera 0,24, 0,30 og 0,34 metra.

Ef húsið er portbyggt, skal portið hafa sömu þykt og veggurinn á næsta hæð fyrir neðan, ef hæð þess fer ekki fram úr 0,70 metra. Sje portið hærra, skal það gert með veggþykt sem full hæð væri.

Ef byggingarnefnd telur, að svo langt sje milli burðarveggja eða þverveggja úr sama efni, að ekki fáist nægilegur bindingur í húsið, getur hún krafist þess, að burðarveggir sjeu gerðir svo traustir, sem hún álitur með þurfa.

Ef um hús er að ræða með mjög stórum herbergjum eða sölum, t. d. samkomuhús, verslunarhús o. þ. h., eða ef vegg-hæð fer fram úr 3,00 metrum af gólfi á gólf, getur byggingarnefnd krafist, að styrkleiki allra burðarveggja sje ákveðinn af sjerfróðum manni.

- b. Gaflveggir, sem járnþent steypugólf hvíla á og á eru glugga-eða dyraop, skulu hafa sömu þykt og burðarveggir, og reiknast þá allur veggurinn fyrir ofan gólf (hjer með talið risið) með sömu þykt og efsta hæð. Gaflveggir, sem aðeins bera sinn eigin þunga (ef loft eru úr trje), mega vera 0,21 metra þykkir á öllum hæðum, nema í kjallara. Þar skulu þeir ekki þynnri vera en 0,32 metra.
- c. Byggingarnefnd getur leyft aðra þykt útveggja en hjer segir, t. d. ef járn er í steypunni eða veggir tvöfaldir. Einnig getur byggingarnefnd krafist, að veggþyktin sje önnur en fyr er sagt, ef um holsteina er að ræða.

Byggingarnefnd getur leyft þynnri útveggi en fyr er sagt, ef um mjög stutt haf er að ræða, t. d. í stigaskútum, og veggirnir bera aðeins sinn eigin þunga.

Í smáskútum (skúrum) og geymsluhúsum má nota þynnri veggi en fyr er sagt; þó verður byggingarnefnd að ganga úr skugga um, að engin hætta geti stafað af.

Undir gluggum en ofan gólfs mega veggir vera 0,19 metra þykkir, þó þeir sjeu þykkri milli glugga. Í kjallara skal þrep undir gluggum aldrei þynnra vera en 0,26 metra.

3. a. Burðarveggir innanhúss sjeu á þykt í efstu hæð 0,16 metra, og þar fyrir neðan aukist þykt veggjarins við hverja hæð um 3 sentimetra. Byggingarnefnd getur veitt leyfi til að hafa þynnri burðarveggi, ef um mjög lítil hús er að ræða, eða ef tveir burðarveggir eru samhliða og bilið á milli þeirra er mjög stutt, t. d. göng. Þó má enginn burðarveggur þynnri vera en 0,14 metra.
- b. Innri veggir úr steini eða steypu, sem hvorki eru burðarveggir nje stigar hvíla á, skulu vera ekki minna en 0,12 metra þykkir. Sje hafið stutt, má þyktin þó vera alt að 0,08 metra.
- c. Veggir þeir, sem stein- eða steypustigar eru festir í, þannig að veggirnir bera stigann, skulu í efstu stigahæð eigi þynnri vera en 0,18 metra, og við hverja hæð þar fyrir neðan aukist þykt veggjarins um 3 sentimetra. Stigahúsveggir, sem liggja að trjestiga, skulu eigi þynnri vera en sagt er í þessum lið.
- d. Ekki má skerða þykt veggja, sem um getur í a., b.- og d.-lið, á þann hátt að leggja í þá framhaldandi vegglægjur; þó er

leyfilegt að setja þaklægjur („múrlektur“) undir þverbíta á **85**
þaki. 23. desbr.

- e. Samanlögð breidd glugga og dyratófta má ekki vera meiri en helmingur af allri lengd veggjarins. Byggingarnefnd getur þó veitt undanþágu frá þessu, ef veggir eru járnbentir. Enginn veggstöpull má mjórri vera en $\frac{1}{3}$ af samanlagðri breidd beggja tóftanna báðumegin við hann, nje á neinn veg þynnri en samsvari $\frac{1}{8}$ af hæð hans, nema í honum sje járnendingur, eða á annan hátt gerður með þeim styrkleika, sem byggingarnefnd er kunnugt um, að sje nauðsynlegur.
4. Byggingarnefnd getur fyrirskipað meiri veggþykt en fyr er ákveðið, þar sem gerðar eru stórar veggbrúnir, eða annað það, sem eykur áreynslu á veggina eða rýrir styrkleik þeirra. Ef þykt veggjar er aukin á einhverri hæð, skal hún einnig aukin þar fyrir neðan, eftir því sem byggingarnefnd telur þurfa. Byggingarnefnd getur ákveðið, að veggir úr járnbentri steinsteypu eða steypu, sem er sterkari og þjettari en hjer hefir verið miðað við, megi vera þynnri en ákveðið er í þessari grein, ef járngrindin og gerð veggjarins að öðru leyti er eftir fyrirsögn sjerfróðs manns og byggingarnefnd telur vegginn fulltruastan.
 5. Veggir hlaðnir úr höggnum grásteini, tígulsteini eða öðrum steini, skulu gerðir með sama styrkleik og hjer er sagt um steypuveggi. Byggingarnefnd dæmir um, hvort þeirri kröfu sje fullnægt.
 6. Útveggi úr steini eða steypu skal sljetta utan með sementshúð ofan jarðar. Þó nægir að bursta veggj utan með sementsblöndu, ef byggingarnefnd samþykkir.
 7. Innan við alla einfalda útveggi íbúðarherbergja, sem steptir eru eða hlaðnir úr grásteini, steptum steini eða holsteini, skal setja innri skjólvegg úr steini eða steypu með tróði á milli, eða úr timbri, korki eða öðru ekki lakara efni, sem byggingarnefnd tekur gilt.
 8. Ekki má múra eða steypa húsveggi, undirstöður eða gólf, ef frost er 2° C. eða meira.

Steypuloft og steypustigar.

36. gr.

Byggingarnefnd getur því aðeins leyt að gera loft og stiga úr steypu, að sjerfróður maður hafi gert áætlun styrkleika þeirra; þó getur byggingarnefnd veitt undanþágu frá þessu, ef um mjög lítið gólf er að ræða. Maður sá er vinnur að verkinu, skal að dómi byggingarnefndar vera hæfur til þess.

Veggir timburhúsa.

37. gr.

1. Undirstöður og útveggir í kjallara timburhúsa skulu að þykt vera ekki undir 0,24 metra, en burðarveggir innanhúss ekki undir 0,20 metra; ef um stærri hús er að ræða, getur byggingarnefnd aukið þykt veggjanna frá því, sem fyr um getur, ef henni þykir nauðsyn til.
2. Timbur, sem notað er til húsabygginga, skal vera vandað og óskemt.
 - a. Í timburhúsum, þar sem lofthæð er alt að 3,00 metrum og herbergisdýpt alt að 4,50 metrum, mega stafir í útveggjum á efsta lofti og efri hæð eigi vera grennri en 10×10 sentimetrar ($4 \times 4''$), á neðri hæð 10×13 sentimetrar ($4 \times 5''$) og hornstafir 13×13 sentimetrar ($5 \times 5''$). Sje hæðin meiri, eða alt að 4,00 metrum, og herbergjadýpt alt að 5,50 metrum, skal þykt stafanna út og inn aukin að minsta kosti um $2\frac{2}{5}$ sentimetra ($1''$). Í stærri húsum ákveður byggingarnefnd gildleika stafanna.

Byggingarnefnd getur veitt leyfi til að hafa annan gildleik á stöfum en fyr er sagt, ef hún álitur, að styrkleikinn verði nægur.

Stafir skulu ekki vera strjállir en svo, að í minsta lagi komi einn stafur á hverja 1,25 metra að meðaltali í lengd veggjarins, og hvergi má vera lengra á milli þeirra en 1,60 metra, nema byggingarnefnd leyfi sjerstaklega.

Milli allra stafa skulu vera skorður („lausholt“) og í hverjum vegg eigi minni en tvær spyrnur („skáskífur“). Spyrnur skulu ekki mynda minna horn en 30° við lóðrjetta línu. Skorður skulu ekki vera grennri en stafir.

Í útveggjum þeim, sem bita bera, skal undir bitaendum liggja aurstokkur á grunni, ekki grennri en stafir eru í veggjum. Byggingarnefnd getur þó leyft, að aurstokkur sje ekki gildari en 13×13 sentimetrar ($5 \times 5''$), þó að stafir í veggjum sjeu gildari.

Ofan á bitaenda komi staflægjur („undirstokkar“), jafnbreiðar stöfum og eigi þynnri en $6\frac{1}{2}$ sentimetri ($2\frac{1}{2}''$). Niður undan stöfum skal fella trje á milli aurstokks og undirstokks.

Ofan á stafi skal fella syllur, á hvorugan veg grennri en stafir eru út og inn, sem undir þeim standa.

Stafi skal festa saman um hæðamót, og á neðri hæð við aurstokk, með sterkum járnklóm og reknegla í staflægjur og aurstokk.

Aurstokkur skal festur með járnum í undirstöður, eða að öðrum kosti vera vel múrað upp með honum. 85
23. desbr.

- b. Utan á grind íbúðarhúsa skal koma þil úr borðum $2\frac{1}{2}$ sentimetra (1") þykkum, og skal negla þau vandlega í alla viði grindarinnar.

Utan á þil skal settur pappi og síðan bárujárn eða annað efni ekki lakara, er byggingarnefnd samþykkir. Milli járns og pappa komi $1\frac{1}{2}$ sentimetra ($\frac{1}{2}$ ") þykkir listar. Bárujárn á veggjum má ekki þynnra vera en 26 B. W. G. Þó má hafa þil í stað bárujárns, ef húsin standa sjerstæð og að dómi byggingarnefndar engin eldhætta stafar af þeim.

Innan á grind skal settur pappi og þil, ekki þynnra en $\frac{5}{8}$ þml., eða annað lag ekki lakara.

- c. Grind burðarveggja innanhúss skal vera úr viðum eigi grennri en 10×10 sentimetra (4×4 ") á neðri hæð. og 8×10 sentimetra (3×4 ") þar fyrir ofan. Í smærri húsum má þó nota grennri viði, ef byggingarnefnd álitur að styrkleikurinn sje nógur. Byggingarnefnd getur krafist gildari viði, ef um stór hús er að ræða og henni þykir ástæða til.

Að öðru leyti gilda sömu ákvæði sem um útveggi að því er snertir staflægjur, stafi, skorður og spyrnur.

- d. Aðrir timburveggir mega ekki, ef þeir eru á milli íbúðarherbergja, vera lakari að gerð en svo, að þil úr borðum 2 sentimetra ($\frac{3}{4}$ ") þykkum, eða annað lag ekki lakara, sje hvoru megin, og 3,2 sentimetra ($1\frac{1}{4}$ ") þykkir renningar á milli. Jafnvænir skulu veggir vera, sem stigar liggja upp að, nema byggingarnefnd telji þörf á meiri styrkleik. Veggj, sem stigar liggja að, skal gera jafnvæna burðarveggjum (sbr. lið c.).
- e. Í útihúsum og skútum, sem eru aðeins ein hæð, má gera grind úr plönkum („battinum“).
- f. Í timburveggjum sje samanlögð breidd glugga og dyraopa mæld á milli stafa ekki meira en hálf lengd veggjar, nema byggingarnefnd veiti sjerstakt leyfi til.
- g. Nota má máttarviði með öðrum gildleika en til er tekið í þessari grein, ef samur er styrkleikinn eða meiri.

Fjarlægð húsa frá nágrannalóð.

38. gr.

Ekkert steinhús má vera nær nágrannalóð en 3,15 metrar, nema eldvarnarveggur snúi að lóðinni (sbr. 22. gr.). Timburhús án eldvarnarveggis má eigi vera nær nágrannalóð en helmingur af hæsta vegg, er að nágranna veit. Þó eigi nær en 5,00 metrar. Byggingarnefnd getur veitt ívilnanir niður í 4,00 metra, ef sjerstakar ástæður mæla með því.

85
23. desbr.

Stærð timburhúsa.

39. gr.

Ekkert timburhús má stærra vera en 150 fermetrar að flatarmáli, að meðtöldum tilheyrandi útihúsum, og aldrei mega fleiri timburhús vera sambygð en svo, að flatarmál þeirra fari ekki fram úr 350 fermetrum. Þó getur bæjarstjórn fært bæði þessi hámark niður.

Skemmur og vörugeymsluhús.

40. gr.

Skemmur og vörugeymsluhús eru engum ákvæðum bundin um tölu hæða, og þurfa þær ekki hærri að vera en 2,00 metra, þó má veggghæð, mæld upp að skurðarlínu þaks og veggjar, ekki vera yfir 8,00 metra. Ef geymd eru eldfim efni í skemmu eða vörugeymsluhúsi úr trje, skulu þau vera í sjerstöku herbergi með eldtraustum veggjum, gólfi og lofti.

Torfbæir.

41. gr.

Torfbæir teljast þær byggingar, þar sem veggir, eða þak og veggir, eru að öllu eða miklu leyti þakið torfi.

Byggja má torfbæi á þeim stöðum, er skipulagsuppdráttur sýnir; en þar til skipulagsuppdráttur er lagður fram, getur byggingarnefnd leyft að þeir sjeu reistir í útjaðri bæjar og þar sem ekki er útlit fyrir, að reist verði stærri hús í náinni framtíð.

Torfbæir skulu að öllu leyti vandaðir að frágangi og hlíta þeim skilyrðum er byggingarnefnd setur í því efni.

Glugga- og dyraumgerð.

42. gr.

Glugga- og dyraumgerð skal að jafnaði vera gerð úr plönkum, ekki þynnri en 5 sentimetra (2"). Þeir skulu í steypuveggjum roðnir karbólini, eða öðru efni ekki lakara, á þá hlið, er veit að steini eða steypu. Með þeim skal, í útveggjum, sjerstaklega í steinhúsum, troða vandlega hampi, eða öðru ekki lakara efni, bæði að utan og innan.

Viðhald húsa.

43. gr.

Byggingarnefnd getur krafist þess, að húsum sje haldið sæmilega við, svo eigi verði þau til lýta fyrir bæinn eða umhverfi þeirra.

Um byggingaraðferðir og efni, sem ekki er tilgreint í samþykkt þessari. **85**

28. desbr.

44. gr.

Ef nota skal byggingaraðferð eða byggingarefni, sem ekki er tilgreint í samþykkt þessari, ber umsækjanda að geta þess, er hann sækir um byggingarleyfi. Einnig skal hann skyldur til að gefa þær upplýsingar þessu viðvirkjandi, sem byggingarnefnd álitur nauðsynlegar.

Byggingarnefnd getur á kostnað umsækjanda látið gera þá rannsókn á byggingarefni, sem hún álitur nauðsynlega, til að ganga úr skugga um, að aðferð og efni fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru í samþykkt þessari.

Hús þar sem farið er með eldfim efni.

45. gr.

Öll hús, þar sem unnið er að einhverju, sem sjerstök eldshætta stafar af, skulu gerð úr steini eða steypu, nema þau sjeu svo langt frá öðrum húsum að engin eldshætta stafi frá þeim fyrir nágranna; þá getur byggingarnefnd leyft, að þau sjeu úr timbri.

Allir veggir í smiðjum skulu vera úr eldtraustu efni, að minsta kosti 1,00 metra frá gólfi; ennfremur skal gólfið vera úr eldtraustu efni.

Í smíðahúsum trjesmiða má aðeins setja lokuð eldstæði. Utan um þau skal setja járnkassa, sem nær minst 0,20 metra til allra hliða út fyrir eldstæðið og er á hæð 0,30 metra frá gólfi. Loft og veggir slíkra húsa skal vera úr eldtraustu efni, eða ef það er úr timbri, þá klætt innan með járnþynnum á listum eða öðru efni jafneltraustu.

Flatarmál byggðrar lóðar og fjarlægð frá lóðarmörkum.

46. gr.

Þegar mældur er flötur byggðrar lóðar, skulu veggivalir og önnur framskot talin með, ef þau eru með þaki og undirstöður ná frá jörðu. Fjarlægð frá lóðarmörkum mælist ætíð frá þeim hluta hússins, sem nær lengst út.

Verkpallar o. fl.

47. gr.

Verkpallar, útbúnaður allur og tæki við húsasmíði og mannvirki skal traust og í góðu lagi, svo ekki valdi slysum eða tjóni. Byggingarfulltrúa er heimilt að gera, um þetta þær ráðstafanir, er duga mega, á kostnað eiganda, ef nauðsyn þykir, eða stöðva verkið að öðrum kosti, þar til bót er áráðin.

III. KAFLI.

BYGGINGARLEYFI. FRAMKVÆMD VERKSINS. EFTIRLIT.

48. gr.

1. Áður en byrjað er á húsi eða öðru mannvirki, sem lög þessi ná til, skal senda skriflega beiðni um það til byggingarnefndar og fá samþykki hennar og bæjarstjórnar til að framkvæma verkið.

Ekki má rífa hús, nema skrifleg tilkynning um það sje send til byggingarnefndar.

Umsækjandi má ekki byrja á verkinu fyr en hann hefir fengið tilkynningu frá byggingarnefnd að leyfið sje veitt.

2. Beiðninni skal fylgja nákvæm lýsing af öllu því, sem nauðsynlegt er til sönnunar því, að verkið sje samkvæmt byggingarsamþykkt. Þar að auki skal fylgja í tveim eintökum:

- a. Lóðaruppdráttur eftir mælikvarða að minsta kosti 1:500, með árituðum stærðarhlutföllum; skal á honum sýna mannvirki þau, er reisa skal, ásamt þeim er fyrir kunna að vera á lóðinni, ennfremur afstöðu gagnvart götum, er að liggja, og nágrönnum. Flatarmál lóðar og mannvirkja skal ritað á uppdráttinn.

- b. Uppdrættir eftir mælikvarða að minsta kosti 1:100, með árituðum stærðarmálum, og skulu þeir svo greinilegir, að glögglega megi af þeim sjá alla gerð, stærð og lögun mannvirkis, er um ræðir, og til hvers herbergi eru notuð, þegar um hús er að ræða.

Við breytingu á eldra húsi skulu uppdrættir og lýsing glögglega sýna hlutfallið bæði fyrir og eftir breytinguna.

Sýna skal á húsuppdráttum þykkt allra burðarveggja og gildleik máttarviða.

- c. Áður en leyft er að byggja hús í sambygðri húsaröð, getur byggingarnefnd krafist, að gerður sje lauslegur uppdráttur af hliðum allra sambygðu húsanna, á kostnað lóðaeigenda.
- d. Þá hluta húsa eða mannvirkja, sem að gerð eru frábrugðin almennri venju, eða verða að vera það sökum áreynslu eða annara orsaka, skal sýna á uppdráttum, ef byggingarnefnd óskar, og eftir mælikvarða að minsta kosti 1:20. Skal glögg lýsing fylgja og styrkleikaútreikningur látinn í tje, ef þess er krafist.
- e. Lýsing á lóðinni og ásigkomulag grundvallar. Ef um nýtt hús er að ræða eða gagnverða breytingu á eldra húsi, skal sýna hvernig ætlast er til, að sjeð verði fyrir afrenslu frá húsi og lóð og vegi að húsinu, ef það stendur ekki við götu.

3. Tilkynna ber nágranna, ef mannvirki það, sem reisa skal, snertir hagsmuni hans. Ber yfirlýsing í þessa átt að fylgja umsókninni og tekið fram, hverja nágrannaeign sje átt við.

4. Á alla uppdrætti skal draga mælikvarða uppdráttarins í metramáli. Allir uppdrættir skulu undirskrifaðir af þeim, sem gerði þá. Sá, sem verkið er unnið fyrir, ber ábyrgð á, að það verði gert samkvæmt byggingarsamþykkt og eins og uppdrættir sýna. 85

5. Eftir að byggingarfulltrúinn hefir kynt sjer umsóknina, leggur hann málið fyrir byggingarnefnd ásamt umsögn sinni. Ef fleiri nefndum ber að fjalla um málið, skal byggingarfulltrúi fyrst leggja málið fyrir þær nefndir. Þegar byggingarnefnd hefir gert tillögu sína, skal málið lagt fyrir bæjarstjórn, sem veitir byggingarleyfið.

Byggingarnefnd leggur annað eintak umsóknarskjalanna til geymslu í skjalasafn sitt, en endursendir umsækjanda hitt eintakið með árituðum úrskurðum, að jafnaði innan hálfsmánaðar frá fyrsta fundi byggingarnefndar eftir að umsókn var afhent henni. Sje synjað um leyfið eða breytingar gerðar að samþyktarskilyrði, skal greina ástæður til þess.

Öll byggingarleyfi skulu veitt með því skilyrði, að umsjón verksins og ábyrgð sje í höndum manns, sem byggingarnefnd telur til þess hæfan fyrir kunnáttu sakir og áreiðanleika.

6. Ekki má í neinu víkja frá samþyktum uppdráttum nema fengið sje leyfi byggingarnefndar til þess.

7. Hið endursenda eintak af uppdráttum og lýsingu byggingar skal jafnan vera við hendina nothæft á vinnustaðnum meðan á smíðinni stendur. Byggingarfulltrúa, svo og einstökum mönnum úr byggingarnefnd, sje jafnan heimill aðgangur að uppdráttunum og byggingunni meðan hún er í smíðum.

8. Húseigandi skal tilkynna byggingarfulltrúa með tveggja daga fyrirvara:

- a. hvenær byrjað verður á undirstöðum,
- b. hvenær rakavarnarlög verða lögð í vegg,
- c. Hvenær þak verður reist á steinhúsi eða grind í timburhúsi,
- d. hvenær gólf verða lögð á bita eða járn í steypuloft.

9. Bæjarstjórn ákveður gjald fyrir byggingarleyfi. Gjaldið rennur í bæjarsjóð.

10. Byggingarleyfi fellur úr gildi, ef ekki er farið að nota það innan eins árs.

Um byggingarleyfi, sem fer í bág við samþykkt þessa.

49. gr.

Nú veitir bæjarstjórn byggingarleyfi, en síðar kemur í ljós að mannvirkið fer í bága við samþyktina, þá getur byggjandi krafist sanngjarnra skaðabóta úr bæjarsjóði, svo framarlega sem það, er fer í bága við samþyktina, hafi sjest ljóslega í umsókn hans og á upp-

85 dráttum og sýnilegt sje, að hann hafi farið eftir bestu vitund, enda
23. desbr. skal hann skyldur að breyta verkinu, svo það verði samþykkt og reglum samkvæmt.

Um leyfi til þess að flytja í ný hús.

50. gr.

Eigi má taka hús til afnota fyrir en fengið er vottorð byggingarfulltrúa að húsið fullnægi byggingarsamþyktni.

Eftirlit með gömlum byggingum, forgörðum o. fl.

51. gr.

Byggingarnefnd skal sjá um, að öll mannvirki, girðingar, auglýsingaspjöld („skilti“) og annað það, er henni ber að líta eftir, geti eigi valdi hættu og sje ekki til óprýði. Byggingarfulltrúi hefir eftirlit þetta á hendi, en ef eigandi vanrækir að fullnægja kröfum hans, getur bæjarstjórn látið lagfæra það, sem byggingarnefnd telur með þurfa, á kostnað eiganda.

Nú er íbúð eða einstök herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, svo illa á sig komin, að þau, að áliti byggingarnefndar, sjeu óheilmæm eða eigi örugg til íbúðar, þá skal hún leita umsagnar hjeraðslæknis. Sje hann á sama máli og nefndin, getur hún krafist þess, að eigandinn lagi gallana innan ákveðins tíma. Verði hann eigi við þessu, getur bæjarstjórn eftir tillögum byggingarnefndar úrskurðað, að ekki megi búa í íbúðinni.

Ef ekki er unt að flytja úr íbúðinni, vegna þess, að eigi er mögulegt að ná í aðra fyrir samilegt verð, ber bæjarstjórn að sjá um að útvega íbúð jafnskjótt og hægt er.

IV. KAFLI.

SEKTARÁKVÆÐI OG BREYTING Á SAMÞYKKT.

52. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 10—50 krónur, og skal sekta bæði smíð og eiganda, er hlut eiga að máli. Sektirnar renna í bæjarsjóð. Auk þess skal eigandi á sinn kostnað rífa niður það, er fer í bága við ákvæði samþykktarinnar eða reglur þær, sem byggingarnefnd setur samkvæmt samþyktni. Ella sje það rífið á hans kostnað. Sje um brot á 50. gr. að ræða eða verk, sem til þarf sjerstakt leyfi byggingarnefndar, hafið án þess að leyfið sje fengið, skal lögreglu-

stjóri undir eins og brotið kemst til vitundar hans, banna að verkinu sje haldið áfram, fyr en fengið er leyfi byggingarnefndar. **85**
23. desbr.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

53. gr.

Til þess að breyting á samþykkt þessari geti öðlast gildi, þarf umræður bæjarstjórnar á tveim fundum hennar, samþykki bæjarstjórnar á breytingunni og staðfestingu ráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefir samið og samþykkt, er hjermeð staðfest samkvæmt 15. grein laga nr. 58, 28. nóv. 1919 til að öðlast gildi 1. janúar 1928 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. desember 1927.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.